

Hafnarreglugjörð

fyrir Stykkishólmskaupþún.

Stjórnarráð Íslands hefir 17. maí 1916 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Stykkishólmskaupþún í Snæfellsnessýslu samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóvember 1905.

I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatala, hvort sem þau eru fermd vörum, með seglfestu, eða tóm, skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins í hvert sinn, er þau leggjast á höfnina, eftir að þau hafa komið frá Danmörku eða öðrum útlöndum, eða ef um skip ræðir, er fara aðeins milli hafna á Íslandi, þá er þau í fyrsta sinni á árinu varpa akkerum á höfninni.

Er skip fermir eða affermir á höfninni, skal ennfremur gjalda 10 aura af hverri smálest. Af skipum, sem hafna sig oftár en einu sinni á árinu á Stykkishólmshöfn, greiðast gjöld þessi eigi að fullu, nema hið fyrsta skiftið, er þau eru greidd á því ári, en með $\frac{3}{4}$ hin önnur skiftin. Strandferðabátar greiða þó eigi nema $\frac{1}{2}$ gjald, eftir að þeir hafa hafnað sig einu sinni á árinu á Stykkishólmshöfn.

Skipin greiða framangreind gjöld, þá er lagst er fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr svonefndum Baulutanga, beina línu í Hvitubjarnarey, þaðan beina línu í Þórishólma, þaðan beina línu í Böllusker, og þaðan sjónhending í Lundaklett. Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storma eða því um líks.

Þau útlend skip, er liggja vetrarlangt á Stykkishólmshöfn, skulu greiða fyrir það 10 krónur í hafnarsjóð; en til vetrarlegunnar þurfa slík skip leyfi hafnarnefndar.

II. Aukagjald.

Auk þeirra gjalda, er þegar eru talin, skal ennfremur greiða 2 aura um daginn af hverri smálest í skipi, er lagt hefir verið upp á fjöru innan takmarka Stykkishólmshafnar til hreinsunar eða aðgjörðar og 2 aura af hverri smálest skips, er tekur eða kastar út seglfestu í landi Stykkishólmskaupþúns.

III. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin eru hafnargjaldi:

1. Öll herskip og skemtiskip, hværrar þjóðar sem eru.
2. Öll fiskiskip, sem skrásett eru á Íslandi.
3. Skip, er leita hafnar sakir sjóskemda, þótt farmur þeirra hafi verið úr þeim fluttur, ef þau flytja allan farminn burtu aftur, og eigi annað.

IV. Seglfesta.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni, nema með leyfi hafnarnefndar, og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi landeiganda eða umráðamanns.

V. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

Gjöld þau, sem talin eru hjer að framan, skulu renna í hafnarsjód Stykkishólmskaupþúns, og skal honum eingöngu varið til þess að standast kostnað af mannvirkjum, er við höfnina eru, eða verða gjörð, viðhaldi þeirra og frekari umbótum.

Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps kýs 3 menn í hafnarnefnd, og skal einn þeirra jafnan vera hreppsnefndarmaður. Hafnarnefndin hefir umsjón með að reglugjörð þessari sje hlýtt, innheimtir, eða sjer um að gjöldin til hafnarsjóðs sjeu innheimt, og stjórnar sjóðnum með umsjón hreppsnefndarinnar. Hreppsnefndin veitir fje úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar og ákveður hvernig hann skal ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans, eins og öðrum eignum hreppsfjelagsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum, og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

VI. Notkun hafnarbyggjunnar.

- a. Öll skip (seglskip, gufuskip og önnur gangvjelaskip), er ætla að leggjast við hafskipabyggjuna, skulu skyld að hlifa byggjuhöfðinu sjálfu við átökum, en nota aðallega til að draga sig að, ból þau beggja megin byggjunnar og hringi í Stykkinu, sem til þess er ætlað.

Smáskip minni en 15 smálestir og gangvjelabátar eru þó undanþegin ofangreindu ákvæði. Leiðbeini hafnsögumaður skipi inn á höfn, skal hann skyldur að benda skipstjóra á bólin og hringina, er skipinu sje skylt að nota til að draga sig að byggjunni.

- b. Skip hafa rjett til þess að leggjast að bryggjunni í þeirri röð, sem þau koma; þó skulu þau skip, er sigla eftir fastákveðinni fyrirfram auglýstri ferða-áætlun og flytja póst, hafa rjett til þess að leggjast að bryggjunni, þó önnur liggja þar fyrir, og verða þau að vikja á burtu meðan hin fá afgreiðslu. 17. maí
89

Hafnarnefnd ákveður, hvar skip skuli liggja fyrir innan línu, sem hugast dregin úr vestra horni Súgandiseyjar í svonefndan Fálka.

- c. Sjerhver skemd, sem verður á bryggjunni, áhöldum eða öðru því, sem skip nota, skal að fullu bætt af viðkomandi skipi, ef hún stafar af ásettu ráði eða vangá.

Aðrar skemdir, er bryggjan og áhöld hennar verða fyrir af mannavöldvöldum, skal að fullu bæta af þeim, er skemdunum valda af ásettu ráði eða vangá.

- d. Þegar vörur eru fluttar í skip eða úr við bryggjuna, er hlutaðeigendum heimilt að láta vörur liggja á bryggjunni svo sem pláss leyfir, alt að 24 stundir, en hlýða skulu þeir fyrirmælum hafnarnefndar eða umsjónarmanns, um að hagræða vörunum þannig, að sem minst tálmi umferð og afnotum bryggjunnar, og að hæflegur þungi hvíli á hverjum hluta hennar.

- e. Hafnarnefndin hefir, undir umsjón hreppsnefndar, alla umsjón með hafskipabryggjunni og áhöldum þeim, er henni fylgja, og er öllum óheimilt að nota, nema leyfi nefndarinnar komi til.

Hafnarnefndin getur skipað mann, er hafi stöðuga umsjón með bryggjunni og áhöldum hennar, og kveður á um starfssvið hans og þóknun.

VII. Bryggjugjald.

- a. Skip, er greiða hafnargjöld, eru undanþegin sjerstöku gjaldi fyrir að liggja við bryggjuna og nota áhöld hennar (ból og hringi), nema sjerstakur samningur kveði öðruvísi á um. Önnur skip og gangvjelabátar greiði bryggjugjald sem hjer segir:

Fiskiskip stærri en 20 smálestir kr. 5.00 í hvert sinn.

— minni en 20 — — 2.50 - — —

Gangvjelabátar — 1.00 - — —

Þó geta fiskiskip stærri en 20 smálestir keypt sjer rjett árlega í eitt skifti fyrir öll að leggjast við bryggjuna fyrir kr. 10.00

minni skip fyrir — 5.00

en gangvjelabátar fyrir — 3.00

Herskip og skemtiskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

- b. Fyrir vörur, er liggja lengur á bryggjunni en 24 stundir, skal greiða gjald, er hafnarnefndin ákveður, og skal að jafnaði eigi hærra vera en 10 aurar um vikuna fyrir hvern einstakan hlut af venjulegri flutningsvöru.

Telji hafnarnefndin söltun sildar, fiskjar o. fl. ósaknæma fyrir bryggjuna,

89
17. maí

getur hún leyft hana þar, ef mikið liggur við, og það kemur ekki í bága við út- og upp-skipun. Um borgun fyrir það fer eftir samningi við nefndina.
c. Vörugjald:

Af vörum, sem teknar eru úr skipum á bryggjuna eða af henni í skip, skal greiða gjald sem hjer segir:

1. Af kolum 25 aura af hverri smálest.
2. — salti 25 — — — —
3. — timbri 50 — — hverjum standard.
4. — múrsteini 25 — fyrir 100 stk.
5. — stórgripum 10 — af hverjum.
6. — sauðfje 2 — — hverri kind.
7. — gærubúntum 1 eyri fyrir hvert búnt (2 gærur í búnti).
8. — öllum öðrum vörum 60 aura af hverri smálest, en 5 aura af hverju einstöku stykki ef um minna en smálest er að ræða.

Af umhlöðnum vörum greiðist gjaldið að eins einu sinni.

Brot úr smálest eða standard, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil smálest eða standard, en minna broti skal slept.

Farþegaflutningur er undanþeginn gjaldi þessu.

Hafnarnefndin sjer um innheimtu á gjöldum þessum og reikningsskil fyrir þeim og ræður einn eða fleiri menn til þess að hafa innheimtuna á hendi gegn innheimtulaunum þeim, er um semur.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

VIII. Hegningarákvæði o. fl.

Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 krónum, er renna í hafnarsjóð Stykkishólmskaupþúns og fer með mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1916 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1926.

Í stjórnarráði Íslands, 17. maí 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.